

Hagnaður 1.043 milljónir króna á 2. ársfjórðungi 2021

Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.106 millj. kr. samanborið við 5.224 millj. kr. á 2F 2020, sem samsvarar 16,9% hækkun milli ára.
- EBITDA nam 2.458 millj. kr. samanborið við 1.703 millj. kr. á 2F 2020, sem jafngildir 44,3% hækkun.
- Framlegð af vörusölu var 25,1% á 2F 2021 en framlegðin var 25,4% á sama fjórðungi árið áður.
- Kostnaður vegna COVID-19 var 26 millj. kr. á 2F 2021 en var 115 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.
- Eigið fé í lok 2F 2021 var 29.906 m.kr. og eiginfjárlutfall 35,2% samanborið við 35,7% í lok árs 2020.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga var 29.206 millj. kr. í lok 2F 2021 samanborið við 29.986 millj. kr. í lok 2020.
- Sala á 4 fasteignum til Reita undir lok fjórðungsins. Gert er ráð fyrir að öllum fyrirvörum sölunnar verði aflétt á 3 ársfjórðungi 2021. Áætlaður söluhagnaður nemur 469 millj. kr.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2021 var hækkuð 15. júlí sl. um 900 millj. kr. og er nú 8.800 - 9.200 millj. kr. án áætlaðs söluhagnaðar fasteignasölnunnar til Reita.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	24.326	20.589	3.738	18,2%	45.244	39.419	5.824	14,8%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.106	5.224	882	16,9%	11.249	9.527	1.722	18,1%
Aðrar rekstrartekjur	603	379	224	59,2%	1.058	753	305	40,5%
EBITDA	2.458	1.703	755	44,3%	3.963	2.724	1.240	45,5%
EBIT	1.767	1.109	658	59,4%	2.479	1.507	972	64,5%
EBT	1.249	636	613	96,5%	1.601	701	900	128,3%
Hagnaður tímabilsins	1.043	525	517	98,4%	1.332	578	754	130,4%
Efnahagsreikningur					30.6.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					9.001	7.668	1.333	17,4%
Viðskiptakröfur					5.586	4.924	663	13,5%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					32.340	32.549	-208	-0,6%
Handbært fé					3.134	2.563	571	22,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					29.206	29.986	-779	-2,6%
Sjóðstreymi	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	2.991	1.022	1.970	192,8%	3.382	1.915	1.467	76,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-81	-830	749	-90,2%	-468	-1.437	969	-67,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.243	-944	-1.299	137,7%	-2.360	-1.589	-771	48,5%
Handbært fé í lok tímabils	3.134	4.294	-1.160	-27,0%	3.134	4.294	-1.160	-27,0%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	25,1%	25,4%	-0,3%	-1,1%	24,9%	24,2%	0,7%	2,9%
EBITDA/framlegð	40,3%	32,6%	7,7%	23,5%	35,2%	28,6%	6,6%	23,2%
Eiginfjárlutfall	35,2%	35,5%	-0,3%	-0,9%	35,2%	35,5%	-0,3%	-0,9%
Laun/framlegð	49,4%	51,8%	-2,4%	-4,7%	51,9%	53,7%	-1,8%	-3,4%
Fjárfestingar	538	716	-178	-24,9%	989	1.288	-299	-23,2%
Veltuhraði birgða	8,0	8,1	-0,1	-1,2%	8,0	8,1	-0,10	-1,2%

Rekstur annars ársfjórðungs 2021

Rekstur félagsins á öðrum ársfjórðungi gekk vel. Rekstur N1, Krónunnar og ELKO var mun betri en á sama fjórðungi árið áður og umfram væntingar þrátt fyrir samkomutakmarkanir stjórnvalda. EBITDA félagsins nam 2.458 millj. kr. sem er 755 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 24.326 millj. kr. í 2F 2021 samanborið við 20.589 millj. kr. í 2F 2020, sem samsvarar 18,2% hækkun.
- Mikil aukning í dagvöru- og raftækjasölu.
- Mikill viðsnúningur í rekstri N1 eftir afléttingar samkomutakamarkana.
- Hagnaður af sölu tveggja verslana Krónunnar 170 millj. kr. meðal annarra rekstrartekna.
- Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2020 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	13.166	11.735	1.431	12,2%	25.409	22.102	3.307	15,0%
Eldsneyti og rafmagn	5.716	4.150	1.566	37,7%	9.896	8.710	1.186	13,6%
Raftæki	3.512	2.886	626	21,7%	6.727	5.454	1.273	23,3%
Aðrar vörur og þjónusta	1.932	1.818	114	6,3%	3.211	3.153	58	1,8%
Samtals vöru- og þjónustusala	24.326	20.589	3.738	18,2%	45.244	39.419	5.824	14,8%
Aðrar rekstrartekjur	603	379	224	59,2%	1.058	753	305	40,5%
Tekjur samtals	24.930	20.968	3.962	18,9%	46.302	40.173	6.130	15,3%

Á fjórðungnum hækkðu tekjur af dagvörusölu 12,2% og tekjur af raftækjasölu um 21,7% milli ára. Tekjur nýrra verslana skýra 1.143 millj. kr. af aukningu milli ára. Tekjur af eldsneyti og rafmagni hækkðu um 37,7% en COVID-19 samkomutakmarkanir höfðu meiri áhrif á tekjur fjórðungsins í fyrra. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu hækkðu um 6,3% milli ára. Hagnaður af sölu verslana Krónunnar í Nóatúni og á Hellu nam 170 millj. kr. sem tekjufært er meðal annarra rekstrartekna.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	3.176	2.558	618	24,2%	5.995	5.112	883	17,3%
Eldsneyti og rafmagn	1.210	1.054	157	14,9%	2.165	1.733	432	24,9%
Raftæki	927	819	108	13,2%	1.772	1.392	381	27,4%
Aðrar vörur og þjónusta	792	794	-1	-0,2%	1.317	1.291	26	2,0%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.106	5.224	882	16,9%	11.249	9.527	1.722	18,1%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu var 6.106 millj. kr. samanborið við 5.224 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2020 sem er 16,9% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu var 3.176 millj. kr. sem er 24,2% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni var 1.210 millj. kr. sem er um 14,9% millj. kr. aukning milli ára. Jákvæð áhrif vegna varnarsamninga nema 188 millj. kr. milli fjórðunga en á fjórðungnum í fyrra voru einnig tekjufærðar 140 millj. kr. vegna niðurfærslu eldsneytisbirgða á Q1 2020.

28. júlí 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2021

Framlegð af raftækjasölu var 927 millj. kr. sem er 13,2% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 792 millj. kr. sem er lækkun um 0,2% milli ára.

Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda hefur verið breytt til að samræma flokkun milli félaganna í samstæðunni. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi.

Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður á 2F 2021 var 4.251 millj. kr. og hækkar um 351 millj. kr. frá 2F 2020.
- Launakostnaður hækkar um 308 millj. kr. milli fjórðunga eða 11,4%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 43 millj. kr. milli fjórðunga eða 3,6%.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.017	2.708	308	11,4%	5.834	5.113	721	14,1%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	349	380	-31	-8,2%	726	780	-54	-6,9%
Víðhaldskostnaður	231	186	45	24,4%	431	356	76	21,3%
Sölu og markaðskostnaður	324	223	101	45,1%	586	479	107	22,4%
Samskiptakostnaður	157	147	10	6,9%	335	295	40	13,6%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	59	107	-48	-45,0%	202	273	-71	-26,0%
Vátrygginga og tjónakostnaður	40	39	1	3,8%	99	77	22	29,0%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	9	-3	12	-379,0%	24	37	-13	-35,5%
Annar kostnaður	65	112	-47	-41,6%	107	148	-41	-27,8%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.234	1.191	43	3,6%	2.510	2.444	66	2,7%
Samtals rekstrarkostnaður	4.251	3.899	352	9,0%	8.344	7.557	788	10,4%

Laun og annar starfsmannakostnaður í 2F 2021 nam 3.017 millj. kr. samanborið við 2.708 millj. kr. á 2F 2020 sem er 11,4% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda var 1.195 á fjórðungnum sem er fjölgun um 85 stöðugildi milli ára. Samningsbundnar launahækkningar voru tvær milli tímabilanna eða í apríl 2020 og janúar 2021. Hækkunin nemur um 116 millj. kr. milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Starfsmannakostnaður samtals 2F 2020	2.708
Stöðugildi - breyting	200
Samningsbundnar launahækkningar	116
Orlofsskuldbinding	-54
Annað	46
Starfsmannakostnaður samtals 2F 2021	3.017

Annar rekstrarkostnaður var 1.234 millj. kr. samanborið við 1.191 millj. kr. á 2F 2020, sem er hækkun um 3,6% milli ára. Innfalinn er kostnaður vegna COVID-19 áhrifa, 17 millj. kr. en var 36 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.

Fjármagnsliðir

- Nettó fjármagnskostnaður var 518 millj. kr. á 2F 2021 samanborið við 473 millj. kr. á 2F 2020.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	13	68	-54	-80,3%	48	180	-132	-73,1%
Fjármagnsgjöld	-612	-602	10	1,6%	-1.052	-1.056	3	-0,3%
Áhrif hlutdeildarféлага	81	62	19	30,9%	126	69	57	81,8%
Samtals	-518	-473	-45	9,5%	-878	-806	-72	8,9%

Efnahagur og fjárhagsleg staða

- Samtals eignir námu 85.038 millj. kr. í lok 2F 2021 og hafa hækkað um 1.673 millj. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 35,2% í lok 2F 2021 samanborið við 35,7% í lok 4F 2020.
- Handbært fé 3.134 millj. kr. í lok 2F 2021 sem er hækkan um 571 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	30.6.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.910	4.971	-61	-1,2%
Rekstrarfjármunir	32.058	32.297	-239	-0,7%
Leigueignir	4.965	5.420	-454	-8,4%
Fjárfestingarfasteignir	7.428	7.467	-39	-0,5%
Birgðir	9.001	7.668	1.333	17,4%
Viðskiptakröfur	5.586	4.924	663	13,5%
Handbært fé	3.134	2.563	571	22,3%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	32.340	32.549	-208	-0,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	29.206	29.986	-779	-2,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	34.390	35.596	-1.206	-3,4%
Eignfjárhlutfall	35,2%	35,7%	-0,9%	-2,5%
Veltuhraði vörubirgða	8,0	8,1	-0,1	-1,2%

Viðskiptavild er 14.668 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.910 millj. kr. í lok 2F 2021. Rekstrarfjármunir námu 32.058 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 7.428 millj. kr. í lok fjórðungsins. Birgðir félagsins að hækka í takt við árstíðasveiflu.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 29.206 milljónir króna sem er lækkun um 779 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 35,2% í lok 2F 2021 samanborið við 35,7% í lok árs 2020. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

28. júlí 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2021
Sjóðstreymi og fjárfestingar

- Handbært fé frá rekstri á 2F 2021 var 2.991 millj. kr. samanborið við 1.022 millj. kr. á 2F 2020.
- Fjárfestingar félagsins á fjórðungnum námu samtals 538 millj. kr.
- Greiddur arður nam 969 millj. kr. á fjórðungnum.
- Eigin bréf voru keypt fyrir 402 millj. kr. á fjórðungnum.
- Afborganir af lánum námu 758 millj. kr. á fjórðungnum.

Milljónir króna	2F 2021	2F 2020	Breyt.	% Breyt.	6M 2021	6M 2020	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	2.463	5.023	-2.560	-51,0%	2.563	5.369	-2.806	-52,3%
Handbært fé frá rekstri	2.991	1.022	1.970	192,8%	3.382	1.915	1.467	76,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-81	-830	749	-90,2%	-468	-1.437	969	-67,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.243	-944	-1.299	137,7%	-2.360	-1.589	-771	48,5%
Gengismunur af handbæru fé	4	24	-20	-82,5%	17	36	-19	-52,4%
Breyting á handbæru fé	671	-728	1.400	-192,1%	571	-1.074	1.646	-153,2%
Handbært fé í lok tímabils	3.134	4.294	-1.160	-27,0%	3.134	4.294	-1.160	-27,0%

Handbært fé frá rekstri á 2F 2021 nam 2.991 millj. kr. sem er hækkun um 1.970 millj. kr. milli ára. Jákvæð áhrif koma inná 2F 2021 vegna viðskiptaskulda að fjárhæð 850 millj. kr. sem greiddar voru í lok 1F 2021 með eindaga í byrjun apríl og höfðu neikvæð áhrif um sömu fjárhæð á þann fjórðung. Fjárfestingahreyfingar námu 81 millj. kr. sem er lækkun um 749 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar á fjórðungnum námu 538 millj. kr. og er áætlun um heildarfjárfestingu ársins 2021 aukin um 200 millj. kr. í 3.000 millj. kr. vegna tilfærslu verkefna milli ára. Arður var greiddur til hluthafa fyrir 969 millj. kr., eigin bréf voru keypt fyrir 402 millj. kr. og afborganir af lánum námu 758 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé hækkaði um 671 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2021.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2021

Í ljósi betri afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2021 og mati stjórnenda á horfum út árið þá var EBITDA spá félagsins hækkuð með tilkynningu til Nasdaq OMX Iceland hf. þann 15. júlí sl. um 900 millj. kr. eða í 8.800 - 9.200 millj. kr án tillits til áætlaðs söluhagnaðar fasteigna til Reita.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins

- Óvissa vegna áhrifa COVID-19
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK
- Aukið atvinnuleysi og lægri hagvöxtur
- Íslenska hagkerfið mun verða fyrir áhrifum næstkomandi mánuði/ár

Í lok ársfjórðungsins var undirritað samkomulag við Reykjavíkurborg um fækkun bensínstöðva í Reykjavík og framtíðar uppbyggingu á þeim lóðum. Það er mat stjórnenda að samningurinn sé félaginu hagstæður ásamt því að hann gefur félaginu tækifæri á áframhaldandi þróun og uppbyggingar á annarri starfssemi.

Eiginfjárhlutfall félagsins er 35,2 % í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

28. júlí 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 2. ársfjórðungi 2021

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2021 nam 65,0 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 935 í lok 2F 2021.

Kynningarfundur fimmtudaginn 29. júlí 2021

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 29. júlí 2021 í höfuðstöðvum Fest að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, mun kynna uppgjörið of svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://festi.is/r/fjarhagsupplýsingar> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Árshlutauppgjör 3F 2021: 28. október 2021
- Ársuppgjör 2021: 4. febrúar 2022
- Aðalfundur 2021: 22. mars 2022

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).